DÝRAVERNDAR SAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 30.09.2026

Efni: Umsögn Dýraverndarsambands Íslands um áform um lagasetningu - endurskoðun á lögum um velferð dýra nr. 55/2013

Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) fagnar því að nú fari fram heildarendurskoðun laga um velferð dýra á vegum atvinnuvegaráðuneytisins. Sambandið telur endurskoðun laganna mikilvægt tækifæri til að efla velferð dýra hér á landi og færa Ísland í fremstu röð á þessu sviði.

Að mati DÍS þurfa lögin að gera skýra kröfu um að dýravelferð sé höfð að leiðarljósi við alla meðferð og nýtingu dýra og taki mið af bestu fáanlegu faglegu og vísindalegu þekkingu á þörfum þeirra. DÍS leggur áherslu á að lögin feli í sér skýrari ábyrgð stjórnvalda, skilvirkara eftirlit og markvissari úrræði til að fyrirbyggja að velferð dýra sé ógnað.

Í umsögn þessari fer DÍS yfir gildandi löggjöf um velferð dýra og leggur fram tillögur að breytingum á lögunum. Að mati DÍS eru eftirfarandi sex atriði sérstaklega mikilvæg við áframhaldandi vinnslu frumvarpsins.

1. Atvinnustarfsemi með dýr verði leyfisskyld

DÍS leggur áherslu á að atvinnustarfsemi með dýr, þar á meðal búfjárhald, verði leyfisskyld. Með skýrum skilyrðum fyrir veitingu og endurnýjun leyfa verður eftirlit markvissara og stjórnvöld hafa raunhæfari úrræði til að bregðast við alvarlegum eða ítrekuðum brotum gegn lögum um velferð dýra. Slík úrræði eru sérstaklega mikilvæg í ljósi dæma hér á landi þar sem dýr hafa þurft að þola vanrækslu og þjáningu í langan tíma.

2. Kæruaðild dýraverndarsamtaka

DÍS telur brýnt að veita dýraverndarsamtökum kæruaðild í málum sem varða velferð dýra. Núverandi fyrirkomulag getur leitt til þess að ákvarðanir stjórnvalda sæti ekki endurskoðun af hálfu æðra stjórnvalds, þrátt fyrir að verulegir hagsmunir dýra séu í húfi. Þar sem dýr geta ekki sjálf gætt hagsmuna sinna er mikilvægt að viðurkennd dýraverndarsamtök geti kært ákvarðanir sem varða velferð dýra til æðra stjórnvalds.

3. Almenningi og dýraverndarsamtökum verði heimilt að kæra brot gegn velferð dýra

DÍS leggur til að 6. mgr. 45. gr. verði felld brott. Að mati sambandsins er óeðlilegt að rannsókn ætlaðra brota gegn dýravelferð sé háð því að Matvælastofnun kæri málið til lögreglu. Alvarleg brot gegn velferð dýra eiga að geta komið til rannsóknar með sama hætti og önnur refsiverð brot og dýraverndarsamtök og almenningur eiga að geta leitað beint til lögreglu þegar tilefni er til.

4. Aðgangur eftirlits að útihúsum

DÍS telur nauðsynlegt að eftirlitsaðilar hafi heimild til aðgangs að útihúsum og gripahúsum án dómsúrskurðar þegar þar fer fram dýrahald eða annar atvinnurekstur með dýr. Núverandi fyrirkomulag getur valdið töfum á nauðsynlegum viðbrögðum og takmarkað getu stjórnvalda til að bregðast skjótt við þegar grunur leikur á vanrækslu eða illa meðferð dýra.

5. Skyldur sveitarfélaga gagnvart villtum og hálfvilltum dýrum í neyð

DÍS telur mikilvægt að lögin kveði skýrar á um ábyrgð sveitarfélaga gagnvart villtum og hálfvillum dýrum sem þurfa aðstoð. Skýra þarf betur hlutverk lögreglu og annarra stjórnvalda í málum sem varða dýr í neyð.

6. Bann við loðdýrahaldi

DÍS leggur til að loðdýrahald verði bannað á Íslandi. Að mati sambandsins samræmist loðdýrahald ekki markmiðum gildandi laga um velferð dýra og er bann í samræmi við þá þróun sem orðið hefur víða í Evrópu. Þar sem atvinnugreinin er nú mjög takmörkuð hér á landi telur DÍS raunhæft að starfsemin verði lögð niður með skýrum aðlögunartíma.

Frekari breytingatillögur

DÍS hvetur ráðuneytið til að hefja heildarendurskoðun reglugerða á sviði dýravelferðar, samhliða endurskoðun laga um velferð dýra. Mikilvægt er að reglugerðir á sviði dýravelferðar taki mið af nýjustu faglegu og vísindalegu þekkingu og þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd núverandi laga.

Í meðfylgjandi viðauka gerir DÍS nánar grein fyrir breytingatillögum sínum, grein fyrir grein. Þar sem vísað er til Matvælastofnunar er frá 1. janúar 2027 átt við Stofnun atvinnuveganna, sbr. lög nr. 85/2026.

Lokaorð

Dýraverndarsamband Íslands vonast til þess að sjónarmið og tillögur sambandsins verði höfð til hliðsjónar við áframhaldandi vinnu við endurskoðun laga um velferð dýra og verði liður í því að styrkja vernd og velferð dýra hér á landi.

DÍS er reiðubúið til frekara samstarfs og samtals við stjórnvöld um útfærslu þeirra breytinga sem sambandið leggur til.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar,

Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður Dýraverndarsambands Íslands

VIÐAUKI

Tillögur DÍS við gildandi lög um velferð dýra

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

Gildandi ákvæði

1. gr. *Markmið.*

☐ Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Tillaga DÍS

Dýr viðurkennd sem skyni gæddar verur með eigið gildi

1. gr. *Markmið.*

☐ Markmið laga þessara er að stuðla að góðri velferð dýra og virðingu fyrir dýrum sem skyni gæddum verum með eigið gildi, óháð nytsemi þeirra fyrir fólk.

Í ljósi þess að dýr eru lifandi verur skal stuðla að því að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Greinargerð 1. gr.

Gildandi dýravelferðarlög leggja ríka áherslu á að komið sé í veg fyrir þjáningu dýra. Dýraverndarsamband Íslands telur mikilvægt að markmið laganna taki jafnframt til góðrar velferðar dýra, en ekki einungis áherslu á að dýr skuli varin gegn þjáningu.

Lagt er til að við þá viðurkenningu að dýr séu skyni gæddar verur bætist að tekið verði fram að dýr hafi eigið gildi, óháð nytsemi þeirra fyrir fólk. Slík viðurkenning myndi undirstrika að vernd dýra byggist einnig á hagsmunum þeirra sjálfra en ekki eingöngu á nytsemi þeirra fyrir fólk og styrkja þannig grundvöll löggjafar um velferð dýra.

Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. gr. norskra dýravelferðarlaga og hefur þar sjálfstætt gildi við túlkun og framkvæmd laganna. Að mati DÍS myndi sambærilegt ákvæði styrkja grundvöll íslenskrar dýravelferðarlöggjafar og skýra réttarstöðu dýra.

II. kafli. Stjórn dýravelferðarmála

Gildandi ákvæði

4. gr. *Yfirstjórn.*

☐ Ráðherra fer með yfirstjórn mála er varða velferð dýra en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt.

☐ Matvælastofnun er skylt að leita álits fagráðs um velferð dýra um stefnumótandi ákvarðanir og umsóknir um leyfi til dýratilrauna.

Tillaga DÍS

Dýraverndarsamtök geti kært mál til æðra stjórnvalds

4. gr. a. *Kæruheimild og kæruaðild.*

Lagt er til að á eftir 4. gr. komi ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

☐ Ákvarðanir Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kæru til ráðherra. Um meðferð kærumála fer samkvæmt stjórnsýslulögum að því leyti sem ekki er á annan veg mælt í lögum þessum.

☐ Dýraverndarsamtök sem hafa minnst 30 félaga eða eru skráð í almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögum um félög til almannaheilla teljast eiga lögvarinna hagsmuna að gæta af ákvörðunum skv. 1. mgr., enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að. Dýraverndarsamtök teljast samtök sem hafa vernd og velferð dýra að meginmarkmiði. Samtökin skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald eða samþykkta ársreikninga.

☐ Ákvörðun Matvælastofnunar um að aðhafast ekki í tilefni af tilkynningu skv. 8. gr., eða um að ljúka athugun máls án þess að beita úrræðum samkvæmt X. kafla, telst kæranleg ákvörðun samkvæmt grein þessari þegar tilkynningin stafar frá samtökum skv. 2. mgr. Matvælastofnun skal tilkynna samtökunum skriflega um lyktir málsins, rökstyðja niðurstöðu sína og leiðbeina um kæruheimild.

☐ Kærufrestur samtaka skv. 2. mgr. er þrír mánuðir frá því að þeim varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Greinargerð 4. gr. a

DÍS leggur til að dýraverndunarsamtök sem hafa dýravernd að meginmarkmiði fái lögbundinn rétt til að kæra ákvarðanir Matvælastofnunar til ráðherra.

DÍS hefur ítrekað gert athugasemdir við málsmeðferð og viðbrögð Matvælastofnunar í málum sem varða velferð dýra og sent kvartanir þar um til ráðuneytisins. Sambandið hefur hins vegar

ekki sjálfstæðan kærurétt og hefur því ekki getað fengið stjórnsýslulega endurskoðun á niðurstöðum stofnunarinnar, jafnvel þegar brýn þörf er á því til að gæta hagsmuna dýra.

Að mati DÍS er þetta ófullnægjandi fyrirkomulag. Mikilvægt er að tryggja að hagsmunir dýra fái sjálfstætt aðhald í stjórnsýslunni og að unnt sé að leita endurskoðunar á ákvörðunum Matvælastofnunar þegar ástæða er til. Í því sambandi telur DÍS mikilvægt að kæruréttur inn sé skýr og raunhæfur í framkvæmd og nái einnig til ákvarðana Matvælastofnunar um að grípa ekki til aðgerða eða hætta meðferð máls. Kæruréttur dýraverndunarsamtaka myndi styrkja réttarvernd dýra og efla aðhald með framkvæmd laga um velferð dýra, sem DÍS telur brýna þörf á.

Þar sem dýr geta ekki sjálf gætt hagsmuna sinna er eðlilegt að dýraverndunarsamtök sem hafa dýravernd að meginmarkmiði geti komið fram sem málsvarar þeirra og leitað stjórnsýslulegrar endurskoðunar hjá æðra stjórnvaldi.

Tillagan er sniðin að 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtökum er veitt kæruaðild án þess að þau þurfi að sýna fram á að þau eigi sjálf einstaklegra hagsmuna að gæta.

Sá sem beinir tilkynningu til eftirlitsstjórnvalds telst að jafnaði ekki aðili að máli sem af henni sprettur og á því ekki kost á að bera lyktir þess undir æðra stjórnvald. Af þeim sökum er lagt til að tekin verði af tvímæli um að samtök geti kært ákvörðun um að aðhafast ekki í tilefni af tilkynningu þeirra, að þeim verði tilkynnt um lyktir málsins og að kærufrestur hefjist ekki fyrr en þeim er kunnugt um þær.

Gildandi ákvæði

5. gr. *Fagráð um velferð dýra.*

☐ [Ráðherra skipar fagráð um velferð dýra og er skipunartími þess þrjú ár.] 1) Í ráðinu skulu sitja fimm menn og jafnmargir til vara. … 1) Í ráðinu skal vera fagfólk á sem flestum eftirtalinna fagsviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða og siðfræði.

☐ [Yfirdýralæknir er formaður fagráðsins.] 1) Fagráðinu ber að kalla eftir sérfræðiáliti þegar fjallað er um fræðileg álitamál og ráðið skortir sérþekkingu á viðkomandi sviði. Hlutverk fagráðsins er eftirfarandi:

a. að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni á sviði velferðar dýra,
b. að veita Matvælastofnun umsögn um umsóknir vegna dýratilrauna,
c. að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa Matvælastofnun um mikilvæg málefni á sviði velferðar dýra,
d. að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

☐ Fagráðið skal hafa aðsetur hjá Matvælastofnun sem leggur því til vinnuaðstöðu og starfsmann með sérfræðiþekkingu á starfssviði ráðsins. Fagráðið skal halda gerðabók um störf sín og gefa út ársskýrslu fyrir 1. mars ár hvert. Um málsmeðferð hjá fagráðinu skal farið að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Tillaga DÍS

Aukið sjálfstæði og breiðari fagþekking í fagráði um velferð dýra

5. gr. *Fagráð um velferð dýra.*

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Lagt er til að 1. mgr. verði:

☐ Í ráðinu skulu sitja **sjö einstaklingar** og jafnmargir til vara … Í ráðinu skal vera fagfólk á sem flestum eftirtalinna fagsviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða, siðfræði, **heilbrigðisvísinda og félagsvísinda**.

Lagt er til að 1. málsl. 2. mgr. verði:

Fagráðið kýs sér formann úr hópi ráðsmanna.

Og liðir a og d. 2 mgr. verði:

a. að vera ráðherra, ráðuneyti og Matvælastofnun til ráðgjafar um stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni á sviði velferðar dýra.

d. að taka að eigin frumkvæði til umfjöllunar mál á sviði dýravelferðar eða að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Lagt er til að bæta við 3 mgr. 5 gr. og verði hún því svohljóðandi:

Fagráðið er sjálfstætt í störfum sínum. Fagráðið skal hafa aðsetur hjá Matvælastofnun sem leggur því til vinnuaðstöðu og starfsmann með sérfræðiþekkingu á starfssviði ráðsins. **Fagráðið skal birta fagleg álit sín og niðurstöður, nema þagnarskylda, persónuvernd eða aðrir lögvarðir hagsmunir standi birtingu í vegi.** Fagráðið skal halda gerðabók um störf sín og gefa út ársskýrslu fyrir 1. mars ár hvert. Um málsmeðferð hjá fagráðinu skal farið að ákvæðum stjórnsýslulaga.

Greinargerð 5. gr.

DÍS telur mikilvægt að styrkja sjálfstæði og faglega stöðu fagráðs um velferð dýra. Lagt er til að fagráðið kjósi sjálft formann úr hópi ráðsmanna og að hlutverk þess verði víkkað út þannig að það sé ráðherra, ráðuneyti og Matvælastofnun til ráðgjafar. Jafnframt verði skýrt að ráðið geti tekið fyrir mál til umfjöllunar að eigin frumkvæði og að fagleg álit þess og niðurstöður séu birtar, nema lögmæt sjónarmið standa í vegi fyrir því.

DÍS telur jafnframt mikilvægt að breikka þá fagþekkingu sem getur átt sæti í fagráðinu þannig að hún taki einnig til heilbrigðisvísinda og félagsvísinda. Mál er varða velferð dýra geta tengst með beinum hætti félagslegum aðstæðum, heilsu og velferð fólks og mikilvægt er að slík þekking sé til staðar eða aðgengileg þegar fjallað er um mál þar sem þessir þættir skarast. Jafnframt er lagt til að fagráðsmönnum verði fjölgað úr fimm í sjö til að skapa aukið svigrúm fyrir þessa breiðari fagþekkingu innan ráðsins.

Með breytingunum er leitast við að tryggja fagráðinu skýrara sjálfstæði, fjölbreyttari þekkingu og aukið svigrúm til að sinna ráðgjafar- og aðhaldshlutverki sínu á sviði dýravelferðar.

III. kafli. Almenn ákvæði um meðferð dýra

Gildandi ákvæði

6. gr. *Almennt um meðferð dýra.*

☐ Skylt er að fara vel með dýr og ber umráðamaður ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lög þessi. Ill meðferð dýra er óheimil.

Tillaga DÍS

Meðferð dýra taki mið af grunnþörfum þeirra og velferð

6. gr. *Almennt um meðferð dýra.*

☐ Skylt er að fara vel með dýr og sýna þeim nærgætni. Umráðamaður dýra ber ábyrgð á velferð þeirra og ber að tryggja að þau fái viðeigandi húsaskjól, fóður, vatn og umönnun, í samræmi við þarfir þeirra samkvæmt viðurkenndri faglegri og vísindalegri þekkingu. Umráðamaður skal jafnframt gera viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja fyrirsjáanlega hættu á að velferð dýra skerðist. Ill meðferð dýra er óheimil.

Greinargerð 6. gr.

DÍS leggur til að ákvæði um að dýrum skuli sýnd nærgætni verði bætt við 6. gr. Mikilvægt er að efla vitund um að dýr séu skyni gæddar verur sem beri að koma fram við af tillitssemi og nærgætni.

Lagt er til að ákvæðið verði skýrt með því að tilgreina þær grunnþarfir sem umráðamanni ber að tryggja dýrum í umsjá viðkomandi. Ábyrgð umráðamanns taki þannig skýrt til velferðar dýranna.

Jafnframt leggur DÍS til að ábyrgð umráðamanns taki skýrt til þess að fyrirbyggja mögulega hættu á að velferð dýra sé ógnað. Með því er undirstrikað að ábyrgð umráðamanns felst ekki eingöngu í því að bregðast við þegar velferð dýrs hefur verið ógnað, heldur einnig í því að grípa tímanlega til viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafana. Orðalag tillögunnar taki mið af sambærilegu ákvæði í dönskum dýravelferðarlögum (kafla 1, 3. gr.), þar sem kveðið er á um að meðferð og aðbúnaður dýra skuli byggjast á viðurkenndri faglegri og vísindalegri þekkingu.

Gildandi ákvæði

7. gr. *Hjálparskylda*

☐ Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber að veita því umönnun eftir föngum. Sé umráðamaður ekki til staðar skal tilkynna atvikið til lögreglu sem kallar til dýralækni meti hún það svo að ástæða sé til. Sé fyrirsjáanlegt að ekki sé hægt að koma dýrinu til hjálpar innan hæfilegs tíma og augljóst er að sjúkdómur dýrs eða meiðsl eru banvæn er heimilt að deyða dýrið, sbr. 21. gr. Sé um að ræða búfé eða gæludýr skal tilkynna slíka aflífun til Matvælastofnunar.

☐ Sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til aðgerða skv. 1. mgr. sé um hálfvillt eða villt dýr að ræða. Ráðherra sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra skal þó sjá til þess að gripið sé til slíkra aðgerða sé um að ræða villt dýr af stofni í útrýmingarhættu og dýr sem lenda í umhverfisslysum. Þrátt fyrir hjálparskyldu sem tilgreind er í 1. mgr. er ráðherra og sveitarfélagi heimilt að taka ákvörðun um aflífun villtra dýra þegar fyrirsjáanlegur kostnaður vegna aðgerða er verulegur.

☐ Umráðamaður dýrs skal bera allan kostnað sem stofnað er til vegna ákvæða 1. mgr. Sveitarfélag ber allan kostnað sem stofnað er til skv. 1. mgr. þegar um er að ræða hálfvillt og villt dýr sem ekki eru af stofni í útrýmingarhættu. Ráðuneyti sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra ber allan kostnað sem stofnað er til skv. 1. mgr. þegar um er að ræða villt dýr sem eru af stofni í útrýmingarhættu.

☐ Sá sem stofnar til útgjalda skv. 1. mgr. á rétt á endurgreiðslu á öllum nauðsynlegum kostnaði úr hendi þess aðila sem ber ábyrgð á kostnaði samkvæmt grein þessari. Sveitarfélögum er heimilt að setja reglur um framkvæmd endurgreiðslna … [1)]

Tillaga DÍS

Björgun dýra við náttúruvá og skýrari ábyrgð sveitarfélaga

7. gr. *Hjálparskylda*

☐ Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, bjargarlaust eða í sjálfheldu ber að aðstoða dýrið eftir því sem unnt er.

☐Umráðamaður skal, eftir því sem unnt er, gera ráðstafanir til að flytja dýr af hættusvæði við náttúruvá eða annað neyðarástand þegar aðstæður krefjast þess. Skylda umráðamanns á ekki við meðan honum er óheimilt að fara inn á hættusvæði vegna neyðarrýmingar yfirvalda. Sé umráðamaður ekki til staðar eða honum óheimilt að fara inn á hættusvæði skal lögregla gera ráðstafanir til að bjarga dýrum eftir því sem unnt er.

☐ Sé dýr sjúkt, sært eða í bráðri neyð og umráðamaður ekki til staðar skal án ástæðulauss dráttar leita aðstoðar dýralæknis, sveitarfélags, Matvælastofnunar eða lögreglu, eftir því sem við á, og tryggja að dýrið fái strax nauðsynlega aðstoð. Sé fyrirsjáanlegt að ekki sé hægt að koma dýrinu til hjálpar innan hæfilegs tíma og augljóst er að sjúkdómur dýrs eða meiðsl eru banvæn er heimilt að deyða dýrið, sbr. 21. gr. Sé um að ræða búfé eða gæludýr skal tilkynna slíka aflífun til Matvælastofnunar.

Lagt er til að bætt verði við nýrri grein, sem verði 7. gr. a, svohljóðandi:

7. gr. a. *Ábyrgð á aðgerðum vegna villtra og hálfvilltra dýra.*

☐ Sveitarfélag skal tryggja að gripið sé til nauðsynlegra aðgerða án tafar þegar hálfvillt eða villt dýr er sjúkt, sært, bjargarlaust eða í sjálfheldu. Sveitarfélag skal hafa viðeigandi verklag til að bregðast við slíkum atvikum og tryggja að aðgerðir séu framkvæmdar af aðilum með viðeigandi þekkingu, hæfni og búnað. Um handsömun og vörslu dýra fer samkvæmt 24. gr.

☐ Ráðherra sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra skal þó sjá til þess að gripið sé til slíkra aðgerða sé um að ræða villt dýr af stofni í útrýmingarhættu og dýr sem lenda í umhverfisslysum. Þrátt fyrir hjálparskyldu samkvæmt 7. gr. er ráðherra og sveitarfélagi heimilt að taka ákvörðun um aflífun villtra dýra þegar faglegt mat á ástandi og velferð dýrsins, líkum á árangri og umfangi nauðsynlegra aðgerða réttlætir slíka ákvörðun.

☐ Umráðamaður dýrs skal bera allan kostnað sem stofnað er til vegna aðgerða skv. 7. gr. og grein þessari. Sveitarfélag ber allan kostnað sem stofnað er til vegna slíkra aðgerða þegar um er að ræða hálfvillt og villt dýr sem ekki eru af stofni í útrýmingarhættu. Ráðuneyti sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra ber allan kostnað sem stofnað er til vegna slíkra aðgerða þegar um er að ræða villt dýr sem eru af stofni í útrýmingarhættu.

☐ Sá sem stofnar til útgjalda vegna aðgerða skv. 7. gr. eða grein þessari á rétt á endurgreiðslu á öllum nauðsynlegum kostnaði úr hendi þess aðila sem ber ábyrgð á kostnaði samkvæmt grein þessari. Sveitarfélögum er heimilt að setja reglur um framkvæmd endurgreiðslna … [1)]

Greinargerð 7. gr.

Dýraverndarsamband Íslands hefur ítrekað bent á að dýr njóti ekki sérstakrar stöðu í lögum um almannavarnir og að ekki sé nægilega skýrt kveðið á um björgun og rýmingu dýra í neyðarástandi. Dæmi eru um að dýr hafi verið skilin eftir á hættusvæðum meðal annars við rýmingu Grindavíkur vegna eldsumbrota og þegar snjóflóðahættu var lýst yfir í Neskaupstað.

Slíkt samræmist hvorki almennum sjónarmiðum um dýravelferð né ákvæðum laga um velferð dýra. Lagt er til að björgun dýra í neyðarástandi verði skýrð í lögum um velferð dýra sem og að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lögum um almannavarnir og öðrum þeim lögum sem mögulega eiga hér við. Jafnframt er lagt til að ábyrgð umráðafólks á að gera ráðstafanir til að flytja dýr sín af hættusvæðum við náttúruvá eða annað neyðarástand verði gerð skýr. Sé umráðamaður ekki til staðar eða viðkomandi óheimilt að komast að dýrunum er lagt til að lögregla, eftir því sem unnt er vegna hættuástands, ráðstafanir til að bjarga dýrunum.

DÍS telur einnig mikilvægt að einfalda viðbragðsferla þegar dýr eru veik, særð eða í bráðri neyð. Núgildandi fyrirkomulag, þar sem tilkynna skal til lögreglu sem síðan metur hvort skuli kalla til dýralækni, getur 1.) valdið óþarfa töfum og þar með aukið þjáningu dýrsins og 2.) það er lagt á herðar lögreglu að stíga inn á sérsvið dýralækna þ.e. að meta þörf dýra á neyðaraðstoð. Lagt er til að öllum sem verða varir við dýr í neyð verði unnt að leita beint til dýralæknis, Matvælastofnunar eða lögreglu eftir því sem við á, þannig að dýr fái strax nauðsynlega aðstoð.

Lagt er til að nýtt ákvæði verði sett í lögin til að skýra ábyrgð sveitarfélaga á aðgerðum vegna villtra og hálf villtra dýra í neyð. Verulegir misbrestir hafa verið á framkvæmd og nauðsynlegt er að kveða skýrt á um ábyrgð, viðbragðsferla og úrræði sveitarfélaga. Sjálfboðaliðar félagasamtaka hafa að eigin frumkvæði ítrekað tekið að sér verkefni sem sveitarfélögum ber að sinna. Úr þessu verður að bæta.

DÍS vill árétta að skyldur sveitarfélaga að bregðast við vegna dýra í neyð hvílir þegar á sveitarfélögunum skv. 2. mgr. 7. gr. og 24. gr. Ekki er um að ræða auknar skyldur sveitarfélaga sem þá kalli á kostnaðarmat skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Tillaga sambandsins skýrir framkvæmdina heldur en að verkefni sveitarfélaga verði aukin.

Jafnframt telur DÍS að verulegur fyrirsjáanlegur kostnaður megi ekki út af fyrir sig vera grundvöllur ákvörðunar um aflífun villtra dýra. Slík ákvörðun á að byggjast fyrst og fremst á faglegu mati þar sem tekið er tillit til ástands og velferðar dýrsins, líkur á árangri dýralæknisþjónustu og umfangi þeirra. Með breytingunni er lögð áhersla á að ákvörðun um aflífun byggist fyrst og fremst á faglegu mati fagaðila m.t.t. velferðar dýrsins.

Gildandi ákvæði
10. gr. *Geta, hæfni og ábyrgð.*

☐ Hver sá sem hefur dýr í umsjá sinni skal búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og skal enn fremur búa yfir nægjanlegri getu til að annast dýrið í samræmi við lög þessi.

☐ Rekstraraðili leyfisskylds dýrahalds skal sjá til þess að það starfsfólk sem sér um umönnun dýranna búi yfir nægjanlegri hæfni og þekkingu á viðkomandi sviði. Þjónustuaðili við dýrahald skal búa yfir nægjanlegri þekkingu til þeirra starfa sem hann annast.

☐ Óheimilt er að fela börnum undir 18 ára aldri og ólögráða einstaklingum einum ábyrgð á dýrum.

☐ Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um þær kröfur sem gera skal um getu og hæfni umráðamanna dýra, svo sem um menntun.

Tillaga DÍS
Skýrari ákvæði um hæfni og þjálfun þeirra sem annast dýr

10. gr. *Geta, hæfni og ábyrgð.*

Lagt er til að 10. gr. verði breytt þannig að 3 mgr. og 4 mgr. hljóði svo:

☐ Eigandi, umráðamaður eða rekstraraðili dýrahalds sem felur öðrum umönnun dýra skal sjá til þess að sá sem annast dýrin búi yfir nægjanlegri hæfni og þekkingu á viðkomandi sviði. Sé um starfsfólk að ræða skal jafnframt tryggja að það fái viðeigandi fræðslu og þjálfun áður en því er falin sjálfstæð ábyrgð á umönnun dýra. Þjónustuaðili við dýrahald skal búa yfir nægjanlegri þekkingu til þeirra starfa sem hann annast.

☐ Ráðherra skal setja með reglugerð nánari fyrirmæli um þær kröfur sem gera skal um getu og hæfni umráðamanna dýra, svo sem um menntun.

Greinargerð 10. gr.

Lagt er til að ábyrgð þeirra sem fela öðrum umönnun dýra verði skýrari og að starfsfólk fái viðeigandi fræðslu og þjálfun. Heimild ráðherra til að setja nánari reglur um getu og hæfni umráðamanna verði jafnframt breytt í skyldu, þannig að tryggð séu skýr og samræmd viðmið við framkvæmd ákvæðisins.

IV. kafli. Úttekt og eftirlit.

Gildandi ákvæði

12. gr. *Úttekt.*

☐ Umfangsmikið og tæknivætt dýrahald eða starfsemi er skylt að tilkynna til Matvælastofnunar áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að hefja slíka starfsemi áður en skilyrði sem sett eru um húsakost, búnað og þekkingu, sbr. 10. gr. og 29.–32. gr., eru uppfyllt og þau tekin út af Matvælastofnun.

☐ Ráðherra skal með reglugerð ákvarða í hvaða tilvikum fisk-, alifugla-, svína- og loðdýraeldi og hvaða tæknivædda dýrahald eða starfsemi skal vera tilkynningarskylt og falla undir grein þessa.

Tillaga DÍS

Atvinnustarfsemi með dýr verði leyfisskyld

12. gr. *Úttekt og leyfisskylda.*

Dýrahald í atvinnuskyni og önnur starfsemi þar sem dýr eru haldin eða notuð í atvinnuskyni er óheimil án leyfis Matvælastofnunar. Leyfisskyldan tekur til búfjárhalds í atvinnuskyni, dýragarða, reiðskóla, hestaleiga, dýrasýninga, dýrahótela og annarrar gæslu, þjálfunar eða notkunar dýra gegn endurgjaldi. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að dýrahald sem er óverulegt að umfangi skuli undanþegið leyfisskyldu, enda sé það þá tilkynningarskylt skv. 4. mgr.

Leyfi skal gefið út á nafn rekstraraðila og bundið við tiltekna starfsstöð.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfis eru að:

a. rekstraraðili og þeir sem annast dýrin búi yfir þekkingu og getu skv. 10. gr.,

b. húsakostur, búnaður og annar aðbúnaður dýranna fullnægi kröfum 29.–32. gr. og stjórnvaldsfyrirmæla settra samkvæmt þeim og hafi verið tekinn út af Matvælastofnun,

c. hvorki rekstraraðili, fyrirsvarsmaður hans né annar sem fer í reynd með umráð dýranna hafi verið sviptur heimild til að hafa dýr í umsjá sinni skv. 44. gr. eða sæti banni skv. 39. gr.

Óheimilt er að hefja leyfisskylda starfsemi fyrr en leyfi hefur verið gefið út. Leyfi skal gefið út til tiltekins tíma, þó ekki lengur en til [tíu] ára í senn. Leyfishafa er skylt að tilkynna Matvælastofnun fyrir fram um verulegar breytingar á starfseminni, þar á meðal um breytingar á umráðum dýranna. Um sviptingu leyfis fer skv. 43. gr.

☐ Umfangsmikið eða tæknivætt dýrahald og starfsemi sem ekki er háð leyfi skv. 1. mgr., svo og dýrahald sem undanþegið er leyfisskyldu samkvæmt sömu málsgrein, er tilkynningarskylt til Matvælastofnunar áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að hefja slíka starfsemi áður en skilyrði sem sett eru um húsakost, búnað og þekkingu, sbr. 10. gr. og 29.–32. gr., eru uppfyllt og þau tekin út af Matvælastofnun.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um umsóknir um leyfi og fylgigögn þeirra, framkvæmd úttekta, málsmeðferð við útgáfu og endurnýjun leyfa og um það hvaða dýrahald og starfsemi er tilkynningarskyld skv. 4. mgr.

Lagt er til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem er leyfisskyld skv. 12. gr. skulu sækja um leyfi innan [tólf mánaða] frá gildistöku. Heimilt er að halda starfseminni áfram þar til umsókn hefur verið afgreidd.

Greinargerð 12. gr.

DÍS telur brýnt að búfjárhald og önnur notkun dýra í atvinnuskyni, svo sem reiðskólar, hestaleigur, dýragarðar, dýraþjálfun í atvinnuskyni og dýrahótel verði gerð leyfisskyld. Leyfisskylda myndi styrkja eftirlit með velferð dýra og veita stjórnvöldum skýrari heimildir til að setja kröfur og skilyrði fyrir slíkum atvinnurekstri.

DÍS telur sérstaklega brýnt að eftirlit með velferð búfjár verði styrkt. Leyfisskylda búfjárhalds í atvinnuskyni myndi skýra betur þær kröfur sem gerðar eru til rekstraraðila og skapa stjórnvöldum raunhæfari úrræði til að bregðast við alvarlegum eða ítrekuðum brotum. Enn eru dæmi um búfjárhald þar sem velferð dýra er ábótavant en starfsemin fær að halda áfram.

Leyfisskylda myndi jafnframt skapa skýrari grundvöll fyrir stjórnvöld til að grípa inn í þegar dýravelferð er verulega ábótavant. Með henni fengjust virkari úrræði til að bregðast við alvarlegum eða ítrekuðum brotum, meðal annars með takmörkun eða afturköllun leyfa. Slíkt gæti komið í veg fyrir að stjórnvöld þurfi árum saman að fylgja eftir sömu aðilum með ítrekuðum úrbótakröfum án þess að fullnægjandi árangur náist og á meðan búi dýr við óviðunandi aðstæður.[1]

Með leyfisskyldu í búfjárhaldi væri unnt að bregðast með skýrari hætti við alvarlegum og ítrekuðum brotum á velferð dýra. Dæmi eru um að einstaklingur hafi verið sviptur með dómi heimild til að halda dýr vegna alvarlegrar vanrækslu, en búfjárhald hafi engu að síður haldið áfram á sama stað þar sem annar einstaklingur var skráður fyrir starfseminni. DÍS telur mikilvægt að úrræði stjórnvalda geti tekið til rekstrarins í heild en ekki eingöngu einstakra einstaklinga.

[1] Ríkisútvarpið (RÚV), „MAST svipti bóndann á Brimnesi vörslu búfjár: ‚Ég er ekki búinn að segja mitt síðasta'", https://www.ruv.is/frettir/innlent/2026-09-09-mast-svipti-bondann-a-brimnesi-vorslu-bufjar-eg-er-ekki-buinn-ad-segja-mitt-sidasta-486515

DÍS telur einnig brýnt að atvinnustarfsemi þar sem dýr eru nýtt eða haldin í atvinnuskyni verði leyfisskyld. Slík leyfisskylda myndi skapa skýrari kröfur til rekstraraðila, styrkja eftirlit með velferð dýra og tryggja stjórnvöldum betri yfirsýn yfir starfsemi þar sem dýr eru notuð í atvinnuskyni.

Dæmi um starfsemi þar sem þörf er á skýrari reglum er rekstur hestaleiga, reiðskóla og annarrar atvinnustarfsemi þar sem hross eru nýtt. Setja þarf skýr viðmið um meðal annars álag, hvíld og búnað. Dæmi eru um að hross hjá hestaferðafyrirtækjum fái litla hvíld milli langra ferða, séu notuð tvisvar til þrisvar á dag í reiðtúra og jafnvel daglega yfir nokkurra mánaða skeið. Einnig eru dæmi um að búnaður sé ekki í samræmi við fagleg viðmið um velferð og heilbrigði hrossa.

Með leyfisskyldu yrði unnt að setja slíkri starfsemi skýr skilyrði, tryggja betri yfirsýn stjórnvalda og auðvelda eftirlit og viðbrögð þegar velferð dýra er ekki nægilega tryggð.

Tillaga DÍS

Bann við loðdýrahaldi

Lagt er til að á eftir 12. gr. komi ný grein, 12. gr. a, Bann við loðdýrahaldi, svohljóðandi:

☐ Óheimilt er að halda loðdýr í þeim tilgangi að framleiða loðfeld eða nýta feld þeirra til sölu eða annarrar atvinnustarfsemi.

☐ Við gildistöku laganna er þeim sem halda loðdýr í atvinnuskyni heimilt að halda starfseminni áfram til 01.02.2028. Á aðlögunartímanum er óheimilt að hefja nýtt loðdýrahald, fjölga dýrum eða auka umfang starfseminnar.

☐ Ákvæði laga og reglugerða um velferð dýra gilda óbreytt um starfsemina á aðlögunartímanum.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 21. gr. er heimilt að aflífa loðdýr með útblæstri véla til og með 31. janúar 2028. Frá og með 1. febrúar 2028 fellur sú undanþága brott.

☐ Ríkið veitir rekstraraðilum loðdýrabúa bætur vegna beins fjárhagslegs tjóns sem hlýst af lokun starfsemi, þar á meðal kostnaði við ráðstöfun dýra og niðurlagningu búnaðar. Ekki er greitt fyrir framtíðartekjur eða rekstrartap umfram beint tjón. Ráðherra setur nánari reglur um útreikning bóta.

Greinargerð 12. gr. a.

DÍS skorar á stjórnvöld að banna loðdýrahald á Íslandi og fylgja þeirri þróun sem orðið hefur víða í Evrópu, þar sem sífellt fleiri ríki hafa bannað eða fasað út loðdýrahald. Meðal þeirra eru Bretland, Noregur, Holland og Danmörk og í desember 2025 tilkynnti pólsk ríkisstjórn áform um bann þrátt fyrir að Pólland sé stærsti framleiðandi loðdýraskinna í Evrópu. Þetta sýnir að jafnvel umfangsmikil atvinnugrein getur vikið fyrir sjónarmiðum um dýravelferð.

Loðdýrahald, þar sem dýr eru haldin í litlum búrum við óeðlilegar aðstæður og aflífuð á ómannúðlegan hátt samræmist ekki gildandi kröfum um dýravelferð. Á Íslandi er aðeins eitt loðdýrabú starfandi eftir að fimm bú hættu rekstri árið 2025 þar sem fjárhagslegur grundvöllur þeirra var brostinn.

DÍS telur að stjórnvöld eigi að setja skýrt bann við loðdýrahaldi og tryggja að starfsemin verði fösuð út með sanngjörnum aðlögunartíma, í samræmi við þróun í nágrannaríkjum og alþjóðlegar áherslur um dýravelferð.

Gildandi ákvæði

13. gr. *Eftirlit.*

☐ [Starfsemi samkvæmt lögum þessum skal háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Umfang og tíðni eftirlits skal byggt á áhættuflokkun.] [1)]

☐ Ráðherra setur í reglugerð [2)] nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess.

Tillaga DÍS

Tíðni eftirlits með búfjárhaldi í atvinnuskyni verði aukið

Lagt er til að við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Reglubundið eftirlit með búfjárhaldi í atvinnuskyni skal þó fara fram eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Eftirlit með svína- og alifuglahaldi í atvinnuskyni skal fara fram eigi sjaldnar en árlega.

Greinargerð 13. gr.

Að mati DÍS er brýnt að auka tíðni reglubundins eftirlits með búfjárhaldi í atvinnuskyni til að tryggja betur velferð dýra og gera stjórnvöldum kleift að greina vandamál og bregðast við þeim á fyrri stigum.

Þegar eftirlit með velferð dýra var á vegum sveitarfélaga fór reglubundið eftirlit almennt fram árlega. Að mati DÍS veitti það aukið aðhald og gerði stjórnvöldum betur kleift að greina frávik og bregðast við áður en vandamál urðu alvarleg.

Lagt er til að lögfest verði lágmarkstíðni reglubundins eftirlits með búfjárhaldi í atvinnuskyni þannig að eftirlit fari fram að minnsta kosti á tveggja ára fresti. Slíkt myndi auka aðhald, bæta yfirsýn stjórnvalda og auka líkur á að vanræksla eða annmarkar á aðbúnaði dýra komi fyrr í ljós.

Þegar eftirlit með velferð dýra var fært frá sveitarfélögum til Matvælastofnunar árið 2014 fækkaði bæði dýraeftirlitsfólki og reglubundnum eftirlitsheimsóknum á bú. Síðan þá hafa verkefni stofnunarinnar aukist verulega án þess að starfsfólki sé fjölgað, meðal annars vegna aukins gæludýrahalds, fjölgunar tilkynninga um grun um vanrækslu eða illa meðferð dýra.

Álagið á stofnuninni er mikið í þessum málaflokki og telur DÍS að mannafli stofnunarinnar sé ekki nægilegur til að sinna lögbundnu eftirliti með fullnægjandi hætti.

Dæmi eru um að mál hafi verið tekin til meðferðar í kjölfar ítrekaðra tilkynninga um slæman aðbúnað dýra, en nauðsynleg eftirfylgni hafi síðan ekki verið fullnægjandi. Afleiðingarnar hafa í ýmsum tilvikum verið alvarlegar fyrir dýrin sem er ekki viðunandi.

Þáttur	Fj. starfsstöðva í árslok	Reglubundið eftirlit	Eftirlit þarf að fara fram**
Alifuglar	61	27	Annað hvert ár
Geitur	72	25	Þriðja hvert ár
Hross	2,407	736	Fjórða hvert ár
Nautgripir	809	241	Þriðja hvert ár
Sauðfé	2,421	651	Þriðja hvert ár
Svín	18	19	Einu sinni á ári

Jafnframt vill DÍS benda á að vegna fjölda tilkynninga sem berast stofnuninni er reglubundið eftirlit hennar með velferð búfjár að tefjast í sumum tilfellum.

Þegar eftirlitsheimsóknum er frestað um eitt til tvö ár geta jafnvel liðið allt að fimm til sex ár milli heimsókna, sem eykur líkur á að slæmur aðbúnaður dýra uppgötvist ekki fyrr en eftir langan tíma. Þetta er óviðunandi ástand.

Brýnt er að úr þessu verði bætt svo stjórnvöld geti sinnt lögbundnum skyldum sínum með þeim hætti sem tryggir fullnægjandi eftirlit og vernd dýra.

V. kafli. Meðferð og meðhöndlun dýra.

Tillaga DÍS

Framleiðsla og miðlun efnis sem sýnir kynferðislegt ofbeldi gegn dýrum verði óheimil

Lagt er til að bætt verði við nýrri grein, sem verði 15. gr. a, svohljóðandi:

15. gr. a. *Framleiðsla og miðlun myndefnis af kynferðislegu ofbeldi gegn dýrum.*

Bannað er að:

a. framleiða myndefni sem sýnir samræði eða önnur kynferðismök við dýr,

b. dreifa slíku myndefni, flytja það inn, bjóða það öðrum eða gera það aðgengilegt með öðrum hætti,

c. afla sér eða öðrum slíks myndefnis eða hafa það í vörslum sínum,

d. sýna slíkt myndefni opinberlega eða vera viðstaddur sýningu þar sem höfð eru samræði eða önnur kynferðismök við dýr.

☐ Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til myndefnis sem forsvaranlegt er að framleiða, sýna eða hafa í vörslum sínum í vísindalegum tilgangi, til fræðslu eða upplýsingar fyrir almenning eða vegna rannsóknar og meðferðar mála hjá stjórnvöldum, lögreglu og dómstólum.

Greinargerð 15. gr. a.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði á eftir 15. gr. sem bannar framleiðslu, miðlun, vörslu og sýningu á efni sem sýnir samræði eða önnur kynferðismök við dýr. Í gildandi lögum er slíkt athæfi þegar bannað en ekki er sérstaklega fjallað um efni sem sýnir slíka meðferð á dýrum.

Sambærilegt ákvæði er að finna í norskum dýravelferðarlögum sem tók gildi þann 1. maí 2026, þar sem sérstaklega er bannað að framleiða, dreifa, afla, hafa í vörslu eða sýna efni sem sýnir kynferðislegt ofbeldi gegn dýrum.

DÍS telur nauðsynlegt að íslensk löggjöf taki mið af þessari þróun og tryggi að dýr njóti verndar ekki aðeins gegn sjálfum verknaðinum, þ.e.a.s. kynferðislegri misnotkun, heldur einnig gegn því að slíkur verknaður sé tekinn upp og upptökum dreift eða þær gerðar aðgengilegar. Slíkt ákvæði myndi styrkja vernd dýra og gera skýrt að kynferðisleg misnotkun á dýrum sé óheimil í hvaða formi sem hún birtist.

Undanþága 2. mgr. er sniðin að norska ákvæðinu og tekur mið af tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar. Lagt er til að brot gegn ákvæðinu varði refsingu skv. 45. gr., sbr. tillögu þar um.

Gildandi ákvæði

16. gr. *Aðgerðir og meðhöndlun.*

☐ Skurð- og læknisaðgerðir og önnur meðhöndlun dýra skal aðeins framkvæmd þegar og á þann hátt að velferð dýra sé höfð að leiðarljósi og tryggð að meðferð lokinni eins og unnt er. Ekki er heimilt að framkvæma aðgerð ef fyrirséð er að dýr muni, að aðgerð lokinni, líða fyrir örkuml eða þjáningar og engar líkur eru á bata.

☐ Skurðaðgerðir, þar á meðal fjarlæging líkamshluta eða fegrunaraðgerðir, skulu ekki framkvæmdar nema af læknisfræðilegum ástæðum. Þó er heimilt að fjarlægja horn, spora af dagsgömlum hönum og gelda dýr. Merkingar á dýrum eru einnig heimilar í samræmi við lög og reglugerðir sem um þær gilda.

☐ Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa dýr og veita því verkjastillandi meðhöndlun, nema við eyrnamörkun lamba og kiðlinga yngri en vikugamalla.

☐ Dýralæknum er einum heimilt að meðhöndla og framkvæma skurð- og læknisaðgerðir á dýrum. Öðrum er þó heimilt að framkvæma eftirfarandi hafi þeir fengið leyfi til þess samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr:

a. læknisaðgerðir samkvæmt tilvísun frá dýralækni,

b. sæðingar sauðfjár, geitfjár, nautgripa, svína, refa, kalkúna, hæna og kanína,

c. fangskoðanir nautgripa,

d. klippingu á hala grísa,

e. örmerkingar.

☐ Öllum er heimilt að framkvæma eftirfarandi:

a. lyfjameðhöndlun samkvæmt fyrirmælum frá dýralækni,

b. meðhöndlun sem veldur hvorki sársauka né vanlíðan,

c. merkingar og eyrnamörkun, aðrar en örmerkingar.

Tillaga DÍS
Eyrnamörkun dýra og halaklippingar

16. gr. *Aðgerðir og meðhöndlun.*

Lagt er til að 2., 3., 4 og 5. mgr. verði svohljóðandi:

☐ Skurðaðgerðir, þar á meðal fjarlæging líkamshluta eða fegrunaraðgerðir, skulu ekki framkvæmdar nema af læknisfræðilegum ástæðum. Eyrnamörkun dýra er óheimil. Við gildistöku laganna er þeim sem halda sauðfé og geitfé í atvinnuskyni heimilt að notast við eyrnamörkun til 01.02.2029. Þó er heimilt að fjarlægja horn, spora af dagsgömlum hönum og gelda dýr. Merkingar á dýrum eru einnig heimilar í samræmi við lög og reglugerðir sem um þær gilda.

☐ Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa dýr og veita því verkjastillandi meðhöndlun.

☐ Dýralæknum er einum heimilt að meðhöndla og framkvæma skurð- og læknisaðgerðir á dýrum. Öðrum er þó heimilt að framkvæma eftirfarandi hafi þeir fengið leyfi til þess samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr:

a. læknisaðgerðir samkvæmt tilvísun frá dýralækni,

b. sæðingar sauðfjár, geitfjár, nautgripa, svína, refa, kalkúna, hæna og kanína,

c. fangskoðanir nautgripa,

d. örmerkingar.

☐ Öllum er heimilt að framkvæma meðhöndlun sem veldur hvorki sársauka né vanlíðan. Þeim sem náð hafa 18 ára aldri er enn fremur heimilt að framkvæma eftirfarandi:

a. lyfjameðhöndlun samkvæmt fyrirmælum frá dýralækni,

b. merkingar með viðurkenndum eyrnamerkjum, þar á meðal rafrænum eyrnamerkjum, aðrar en örmerkingar.

Lagt er til að við 2. mgr. bætist enn fremur nýr málsliður, svohljóðandi:

☐ Heimilt er að fjarlægja 5 mm af eyrnakanti á vinstra eyra hálfvillts kattar, samhliða geldingu í skipulögðu starfi við að fækka hálfvilltum köttum, enda sé aðgerðin framkvæmd undir svæfingu af dýralækni og á vegum sveitarfélags, dýraverndarsamtaka eða annars aðila sem Matvælastofnun hefur veitt heimild til slíks starfs.

Greinargerð 16. gr.

2. og 3. mgr.: DÍS leggur til að undanþága fyrir eyrnamörkun lamba og kiða yngri en vikugamalla verði felld brott og að reglugerð um 200/1998 um búfjármörk og laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. verði endurskoðuð samhliða með viðeigandi sólarlagsákvæði.

Eyrnamörkun, þar sem hluti annars eða beggja eyrna er skorinn burt, jafnvel í nokkrum skurðum, er sársaukafullt og varanlegt inngrip sem ekki er nauðsynlegt til að tryggja einstaklingsmerkingu og rekjanleika sauðfjár eða geita.

Þetta er einnig í samræmi við framkvæmd í sláturhúsum, þar sem plötumerki eru alfarið notuð fremur en eyrnamörk til að tryggja rekjanleika. Sjaldgæft er að plötumerki detti úr báðum eyrum og eru eyrnamörk í dag orðin hefð fremur en nauðsyn.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi byggist opinber auðkenning sauðfjár og geitfjár á eyrnamerkjum, þar á meðal rafrænum eyrnamerkjum. Þar er því hægt að tryggja einstaklingsmerkingu og rekjanleika án þess að skera hluta eyrans úr. DÍS telur rétt að Ísland taki upp nútímalegri merkingaraðferðir sem tryggja rekjanleika án óþarfa og sársaukafullra inngripa í líkama dýra.

Að mati DÍS er ekki réttlætanlegt að valda lömbum og kiðum sársaukafullu og varanlegu inngripi þegar unnt er að ná sama markmiði með öðrum og minna íþyngjandi merkingaraðferðum.

4. mgr.: DÍS leggur til að d. liður, sem heimilar öðrum en dýralæknum að klippa hala grísa, verði felldur brott. Ákvæðið heimilar sársaukafullt inngrip á líkama dýrs án deyfingar og samræmist að mati DÍS ekki kröfum núgildandi dýravelferðarlaga. Halaklipping er ekki aðgerð sem ætti að vera heimil öðrum en dýralæknum og ætti einungis að koma til álita þegar læknisfræðileg nauðsyn krefst þess.

Halaklipping er sársaukafull aðgerð og getur haft langvarandi afleiðingar. Við rannsóknir á klipptum halastúfum hafa fundist svokallaðir taugahnútar (neuromas), sem myndast þegar taugar skemmast og vaxa óeðlilega saman við gróanda. Slíkir taugahnútar geta tengst langvarandi taugaverkjum og auknu verkjanæmi.

Í Finnlandi var halaklipping grísa bönnuð með lögum árið 2003 og bannið tók gildi 1. janúar 2004. Bannið er almennt og aðeins heimilt að víkja frá því af læknisfræðilegum ástæðum. Áhersla er lögð á að aðbúnaður og bústjórn séu með þeim hætti að komið sé í veg fyrir halabit í svínahaldi, fremur en að grípa til halaklippingar. Finnskar rannsóknir sýna jafnframt að unnt er að ala svín með óskertan hala.

Á Íslandi er halaklipping grísa óheimil nema brýna nauðsyn beri til að mati dýralæknis samkvæmt 10 gr. reglugerðar um velferð svína. Í framkvæmd hafa þó starfandi svínabændur fengið undanþágur til halaklippingar af hálfu MAST og eru halar grísa almennt klipptir á þeirra vegum án staðdeyfingar. Ekki verður séð að hér sé um læknisfræðilega nauðsyn eða velferðarsjónarmið að ræða, heldur hagræðingu í rekstri þar sem stefnt er að sem mestum afurðum við sem lægstan kostnað.

Í stað þess að bregðast við með halaklippingu ætti að ráðast að undirliggjandi orsökum halabits og tryggja svínum aðbúnað sem uppfyllir kröfur um dýravelferð og ættum við að líta til Finnlands í þessu efni.

DÍS telur nauðsynlegt að horfið sé frá því fyrirkomulagi að svínabú reiði sig á undanþágur og gera þess í stað skýra kröfu um að framleiðslan sé skipulögð með hliðsjón af velferð dýranna.

Óásættanlegt er að sársaukafullt inngrip á heilbrigðum dýrum sé notað til að laga dýrin að framleiðsluaðstæðum þegar hægt er að fyrirbyggja halabit með bættum aðbúnaði.

DÍS vill árétta að atvinnurekstur með dýr ætti ekki að byggjast á því að sársaukafullar aðgerðir séu framkvæmdar reglubundið á dýrum til að bregðast við ófullnægjandi aðbúnaði.

5. mgr.: DÍS leggur til að aðeins fullorðnum verði heimilt að framkvæma þær aðgerðir og merkingar sem fjallað er um í ákvæðinu, lyfjameðhöndlun og merkingar. Í gildandi lögum er kveðið á um að öllum sé heimilt að framkvæma tilteknar meðhöndlunar- og merkingaraðgerðir án þess að komi fram aldurstakmark.

DÍS telur óviðunandi að börn séu látin framkvæma aðgerðir á dýrum, svo sem eyrnamörkun eða eyrnamerkingu eða annast læknismeðferð. Dæmi eru um að börn séu látin eyrnamerkja lömb í tengslum við námskeið í sveitum. Eyrnamörkun er sársaukafullt inngrip í líkama dýrs og slíkar aðgerðir eiga ekki að vera framkvæmdar af börnum.

Með breytingunni yrði skýrt að framkvæmd aðgerða og merkinga sem geta valdið dýrum sársauka eða óþægindum sé á ábyrgð fullorðinna og að börn verði ekki látin framkvæma slíkar aðgerðir.

Greinargerð vegna nýs málsliðar 2. mgr. um hálfvillta ketti:

DÍS leggur til að heimilt verði að fjarlægja hluta eyrnakants hálfvilltra katta samhliða geldingu, 5 mm, enda sé aðgerðin framkvæmd undir svæfingu og á vegum sveitarfélags, dýraverndarsamtaka eða annars aðila sem hefur heimild Matvælastofnunar til slíks starfs.

Slík auðkenning gerir kleift að greina gelda ketti og kemur í veg fyrir óþarfa endurföngun, meðhöndlun og tilheyrandi streitu fyrir dýrin.

Að mati DÍS yrði um að ræða verulegan ávinning fyrir velferð hálfvilltra katta. Tillagan felur í sér þrönga undantekningu sem aðeins yrði heimil sem hluti af skipulögðu starfi við fækkun hálfvilltra katta. Alþjóðlegar leiðbeiningar um meðferð hálfvilltra katta mæla með slíkri auðkenningu meðan köttur er undir svæfingu vegna geldingar.

Auðkenning með fjarlægingu hluta eyrnakants er viðurkennd aðferð innan svonefndrar TNR-aðferðar (handsömun, gelding og endurslepping) og gerir sjálfboðaliðum og yfirvöldum kleift að greina þá ketti sem þegar hafa verið meðhöndlaðir.

Gildandi ákvæði

17. gr. *Þjálfun, sýningar, keppni o.fl.*

☐ Hver sá sem þjálfar dýr, notar þau í keppni og sýningar eða á annan hátt skal tryggja að þau:

a. hafi til þess líkamlegt heilbrigði og hafi hlotið viðeigandi þjálfun,
b. hafi ekki verið meðhöndluð með lyfjum sem deyfa sjúkdómseinkenni eða auka afkastagetu þannig að það samræmist ekki velferð þeirra,
c. séu ekki markvisst beitt meðferð sem veldur þeim skaða eða óþarfa ótta.

☐ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt grein þessari.

Tillaga DÍS
Aðbúnaður dýra í sýningu taki mið af eðlislægum þörfum þeirra

17. gr. *Þjálfun, sýningar, keppni o.fl.*

Lagt er til að nýjum d. lið verði bætt við, svohljóðandi:

d. búi við meðferð og aðbúnað í keppni og á sýningum sem tekur mið af eðlislægum þörfum þeirra.

Greinargerð 17. gr.

DÍS telur nauðsynlegt að ákvæðinu verði bætt við lögin til að skýra þá skyldu að virða skuli eðlislægar þarfir dýra og tekið sé mið af því við meðferð þeirra.

Hross eru til að mynda í auknum mæli sett í aðstæður sem taki ekki nægilega tillit til eðlis þeirra og geta valdið þeim streitu og vanlíðan. Sem dæmi má nefna hávaða á sýningum og mótum, þar sem taktföst tónlist er spiluð eða tónlistarfólk flytji tónlist við brautina þegar hross eru í sýningu og áhorfendur klappa, hrópa og veifa fánum.

DÍS telur mikilvægt að við skipulag og framkvæmd viðburða þar sem dýr eru notuð sé velferð dýra höfð að leiðarljósi og að skemmtanagildi viðburðarins gangi ekki framar þörfum og velferð þeirra dýra sem þar koma fram.

Gildandi ákvæði
18. gr. *Flutningur dýra og rekstur búfjár.*

☐ Við flutning á dýrum ber að tryggja velferð dýra eins og fært er. Gæta skal þess við flutning og rekstur búfjár að dýr verði fyrir sem minnstu álagi og hvorki þoli þeirra né kröftum sé ofboðið.

Hvorki er heimilt að flytja dýr né reka sé augljóst að það þoli það ekki.

☐ Flutningstæki skulu þannig útbúin að þau henti viðkomandi dýrategund og tryggi öryggi dýranna. Við flutning skal veita dýrum viðeigandi umönnun, aðbúnað og gæslu.

☐ Ráðherra setur í reglugerð [1)] nánari ákvæði um flutning og rekstur dýra og um leyfi fyrir flutningstækjum, öryggisbúnaði og merkingu þeirra. Þá skal ráðherra setja fyrirmæli er tryggja velferð búfjár í tengslum við flutninga. Einnig skal ráðherra setja nánari ákvæði um flutning

búfjár frá brottfararstað til áfangastaðar, þ.m.t. um hleðslu í rými, umfermingu, affermingu, hámarksflutningstíma og um þær kröfur sem eru gerðar um flutningstæki sem flytja búfé, þ.m.t. um hleðslubúnað þeirra. Heimilt er auk þess að setja reglur um flutningsskilríki flutningsaðila, skyldur gæsluaðila með búfé, sérstök leyfi flutningsaðila sem veitt verða af Matvælastofnun og reglur til að skylda aðila sem vinna við flutning á búfé til að sækja námskeið þar sem m.a. er fjallað um velferð dýra og dýrasjúkdóma.

Tillaga DÍS

Skýrari ákvæði um flutningstíma dýra og söfnunarstaði

18. gr. *Flutningur dýra og rekstur búfjár.*

Lagt er til að 1. mgr. verði svohljóðandi:

☐ Við flutning á dýrum ber að tryggja velferð dýra eins og fært er. Gæta skal þess við flutning og rekstur búfjár að dýr verði fyrir sem minnstu álagi og hvorki þoli þeirra né kröftum sé ofboðið. Hvorki er heimilt að flytja dýr né reka sé augljóst að það þoli það ekki. Flutningur skal skipulagður þannig að ferðatími verði eins stuttur og unnt er og að ekki sé dregið úr velferð dýranna vegna óþarfa biðar, umfermingar eða annarra tafa. Flutningur skal ekki fara fram við veðurskilyrði eða aðrar aðstæður sem geta stefnt velferð dýranna í hættu.

Greinargerð 18. gr.

Heimilaður flutningstími dýra í landflutningum er almennt allt að 8 klukkustundir, en allt að 10 klukkustundir þegar gripir eru fluttir í sláturhúsrétt og 12 klukkustundir þegar um alifugla og hross er að ræða, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 527/2017, um velferð dýra í flutningi. Dæmi eru um að flutningstími lengist verulega þegar dýr eru fyrst flutt á söfnunarstað þar sem tekur við bið og síðan flutt þaðan í sláturhús.

DÍS telur brýnt að þetta verði skoðað sérstaklega, enda hafa borist ábendingar um að dvöl dýra á söfnunarstöðum geti lengt flutningstíma verulega þar sem dýrin upplifa streitu og eru jafnvel án vatns og fóðurs. Þá hafa einnig borist ábendingar um að sauðfé sé í einhverjum tilvikum flutt beint til slátrunar úr réttum, sem DÍS telur óviðunandi með tilliti til velferðar dýranna.

Gildandi ákvæði

21. gr. *Aflífun.*

☐ Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Forðast skal að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu.

☐ Dýr í umsjón manna skulu svipt meðvitund fyrir aflífun nema þegar aflífunin veldur meðvitundarleysi umsvifalaust. Að lokinni aflífun skal gengið úr skugga um að dýr sé dautt.
Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim nema um sé að ræða gildruveiði minka sem hluta af skipulögðum aðgerðum til að halda minkastofninum í skefjum sem heimil er samkvæmt ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Slík gildruveiði

er þó aðeins heimil að hún hafi verið tilkynnt [Náttúruverndarstofnun]. [1)] Einnig er óheimilt að aflífa dýr með útblæstri véla, nema við aflífun loðdýra ef um er að ræða vélar sem eru sérstaklega hannaðar og framleiddar til aflífunar loðdýra og notkun vélar hefur verið samþykkt af Matvælastofnun.

Tillaga DÍS

Óheimilt verði að drekkja dýrum og aflífa þau með útblæstri véla

21. gr. *Aflífun.*

Lagt er til að 2. mgr. verði svohljóðandi:

☐ Dýr í umsjón manna skulu svipt meðvitund fyrir aflífun nema þegar aflífunin veldur meðvitundarleysi umsvifalaust. Að lokinni aflífun skal gengið úr skugga um að dýr sé dautt. Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim. Óheimilt er að aflífa dýr með útblæstri véla.

Greinargerð 21. gr.

DÍS leggur til að undanþága í núgildandi lögum sem heimilar drekkingu minka verði felld brott. Minkar geta barist um í gildrum og liðið verulega þjáningu og ótta áður en þeir örmagnast og drepast. DÍS telur slíka aðferð óásættanlega með tilliti til velferðar dýra og ósamrýmanlega markmiðum laga um velferð dýra.

Í núgildandi lögum er heimilt að aflífa loðdýr með útblæstri frá vélum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. DÍS telur að sú undanþága samræmist ekki nútíma sjónarmiðum um velferð dýra og leggur því til að hún verði felld brott.

Markmið tillögunnar er að tryggja að aflífun dýra fari fram með þeim hætti að þjáning sé lágmörkuð og að aðeins séu notaðar aðferðir sem samrýmast kröfum laga um góða meðferð dýra.

Heimild til áframhaldandi notkunar aðferðarinnar á aðlögunartíma vegna loðdýrahalds er eftir atvikum útfærð sérstaklega í 12. gr. a.

VI. kafli. Merkingar dýra o.fl.

Gildandi ákvæði

24. gr. *Handsömun dýra.*

☐ Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Sveitarfélagi er heimilt að innheimta áfallinn kostnað úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða. Sveitarfélag telst umráðamaður dýra á meðan þau eru í vörslu þess.

☐ Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa hálfvilltu dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

☐ Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma þær skyldur sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. með sérstökum samningi.

☐ Við handsömun dýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim limlestingum, kvölum eða óþarfa ótta. Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um hvaða aðferðir eru heimilar við handsömun dýra.

Tillaga DÍS

Skýrari ákvæði um ábyrgð sveitarfélaga á handsömun, vörslu og ráðstöfun dýra

24. gr. *Handsömun dýra.*

☐ Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hafa viðeigandi aðstöðu til að halda slík dýr og tryggja að þeim sé sinnt af umsjónarmanni sem býr yfir fullnægjandi þekkingu og hæfni til þess. Þeim er jafnframt skylt að hafa viðeigandi aðstöðu og verklag til að taka við og bregðast við tilkynningum um hálfvillt dýr sem eru sjúk, særð, bjargarlaus eða í annarri neyð.

☐ Sveitarfélag ber ábyrgð á velferð dýrs meðan það er í vörslu þess og skal tryggja því viðeigandi aðbúnað, fóðrun, vatn og nauðsynlega meðferð. Sveitarfélag telst umráðamaður dýrs á meðan það er í vörslu þess. Sveitarfélagi er heimilt að innheimta áfallinn kostnað vegna handsömunar, vörslu og nauðsynlegrar meðferðar úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrs innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna skal sveitarfélagið leita leiða til að finna dýrinu nýtt heimili, meðal annars í samstarfi við dýraverndunarfélög. Að öðrum kosti er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða.

Hafi ekki tekist að finna hálfvilltu dýri nýtt heimili innan tveggja vikna frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa því til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða, sé ekki annarra kosta völ, láta aflífa það án bóta.

☐ Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma þær skyldur sem tilgreindar eru í 1.–3. mgr. með sérstökum samningi. Þrátt fyrir slíkan samning ber sveitarfélagið ábyrgð á því að skyldurnar séu uppfylltar og að velferð dýra sé tryggð.

☐ Við handsömun dýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim limlestingum, kvölum eða óþarfa ótta. Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um hvaða aðferðir eru heimilar við handsömun dýra.

Greinargerð 24. gr.

DÍS leggur til að ábyrgð sveitarfélaga vegna handsömunar, vörslu og ráðstöfunar dýra verði skýrð og styrkt. Í framkvæmd hefur skort á samræmdu verklagi og viðeigandi aðstöðu hjá sveitarfélögum og í mörgum tilvikum hafa dýraverndunarfélög og sjálfboðaliðar tekið að sér verkefni sem sveitarfélögum ber að sinna. Slíkt fyrirkomulag er ekki ásættanlegt og getur leitt til þess að viðbrögð vegna dýra sem eru í neyð tefjist eða að velferð þeirra sé ekki tryggð.

DÍS telur nauðsynlegt að sveitarfélögum verði ótvírætt skylt að hafa viðeigandi aðstöðu, verklag og úrræði til að taka dýr í vörslu, tryggja þeim viðeigandi aðbúnað og leita að umráðamönnum þeirra. Sveitarfélög geti eftir atvikum falið öðrum að framkvæma verkefnin, svo sem með samningum við dýravelferðarfélög, en það breyti ekki ábyrgð sveitarfélaga gagnvart því að uppfylla skyldur sínar.

Jafnframt er mikilvægt að skýrt sé hvernig bregðast skuli við þegar umráðamaður finnst ekki eða vitjar ekki dýrs. DÍS leggur til að sveitarfélög leiti þá, eftir því sem unnt er, leiða til að finna dýrinu nýtt heimili þegar um er að ræða gæludýr eða búfé, til dæmis í samstarfi við dýraverndunarfélög. Með þessu fá týnd og hálfvillt gæludýr eða búfénaður raunhæft tækifæri til að komast á öruggt og viðeigandi heimili í stað þess að vera aflífuð.

Skýr lögbundin ábyrgð sveitarfélaga er jafnframt forsenda þess að framkvæmd verði samræmd um allt land. DÍS telur því brýnt að sveitarfélög hafi aðstöðu, verklag og fjárheimildir til að sinna þessum lögbundnu verkefnum og að ekki verði lengur gengið út frá því að sjálfboðaliðar eða dýraverndunarfélög sinni umræddum verkefnum þegar sveitarfélög sinna ekki skyldum sínum.

Gildandi ákvæði

30. gr. *Byggingar og búnaður.*

☐ Húsnæði, innréttingar, girðingar og annar búnaður sem ætlaður er dýrum skal þannig úr garði gerður að tekið sé tillit til þarfa og öryggis dýranna hvað varðar fóðrun, atferli, hreyfingu, rýmisþörf, hvíld og annan aðbúnað, svo sem loftgæði, lýsingu, hljóðvist og efnisnotkun. Einnig skal þess gætt að dýrum stafi engin slysahætta af aðstæðum sem þeim eru búnar eða hætta skapist á því að dýrin geti orðið innikróuð eða bjargarlaus í neyð.

Tillaga DÍS

Brunavarnir í gripahúsum

30. gr. *Byggingar og búnaður.*

☐ Húsnæði, innréttingar, girðingar og annar búnaður sem ætlaður er dýrum skal þannig úr garði gerður að tekið sé tillit til þarfa og öryggis dýranna hvað varðar fóðrun, atferli, hreyfingu, rýmisþörf, hvíld og annan aðbúnað, svo sem loftgæði, lýsingu, hljóðvist og efnisnotkun. Einnig skal þess gætt að dýrum stafi engin slysahætta af aðstæðum sem þeim eru búnar eða hætta skapist á því að dýrin geti orðið innikróuð eða bjargarlaus í neyð.

☐ Húsnæði þar sem dýr eru haldin skal uppfylla gildandi kröfur um brunavarnir. Gera skal ráðstafanir til að tryggja öryggi dýra við eldsvoða, þar á meðal með rýmingar- og björgunaráætlun.

☐ Þar sem dýr eru haldin í miklum fjölda eða í leyfisskyldri starfsemi skal liggja fyrir rýmingar- og björgunaráætlun vegna eldsvoða og annarra neyðartilvika.

☐ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um byggingar, búnað, brunavarnir, rýmingar- og björgunarleiðir, viðvörunar- og slökkvibúnað og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og velferð dýra.

Greinargerð 30. gr.

DÍS leggur til að bætt verði við ákvæði um brunavarnir í gripahúsum. Undanfarin ár hafa komið upp brunar þar sem ekki reyndist unnt að bjarga dýrunum. Í sumum tilvikum voru fullnægjandi brunavarnir ekki fyrir hendi og eldsmatur, meðal annars í loftum húsa, jók eldhættuna.

Ekki er ásættanlegt að dýr séu haldin við slíka hættu og brýnt er að gerðar verði skýrar kröfur um brunavarnir í gripahúsum til að fyrirbyggja slíka atburði.

Brunavarnir eru mikilvæg fyrirbyggjandi ráðstöfun til að draga úr hættu á að dýr verði fyrir alvarlegum meiðslum eða drepist í bruna. Auk almennra krafna um brunavarnir þarf því að tryggja að gripahús séu skipulögð með hliðsjón af öryggi dýra og að til staðar séu viðeigandi ráðstafanir til rýmingar og björgunar.

Gildandi ákvæði

32. gr. *Dýrahald, aðferðir og útbúnaður.*

☐ Hver sá sem heldur dýr ber ábyrgð á að starfsaðferðir, tæki, tól og hvers konar útbúnaður sem notaður er á dýr í umsjá hans séu ekki andstæð velferð dýra.

☐ Hver sá sem kynnir starfsaðferðir er varða dýrahald eða dreifir tækjum, tólum og hvers konar útbúnaði varðandi dýrahald ber ábyrgð á að það sé ekki andstætt velferð dýra.

☐ Matvælastofnun getur krafist upplýsinga og gagna frá hlutaðeigandi aðilum um að ákvæði 1. og 2. mgr. séu uppfyllt.

☐ Ráðherra setur reglugerð um bann við eða takmörkun á dreifingu á starfsaðferðum, tækjum, tólum og hvers konar útbúnaði. Ráðherra er enn fremur heimilt að setja ákvæði í reglugerð með nánari fyrirmælum um mat og prófanir.

Tillaga DÍS

Starfsaðferðir og búnaður skuli samrýmast faglegri og vísindalegri þekkingu

Lagt er til að 1. mgr. verði svohljóðandi:

☐ Hver sá sem heldur dýr ber ábyrgð á að starfsaðferðir, tæki, tól og hvers konar útbúnaður sem notaður er á dýr í umsjá hans séu ekki andstæð velferð dýra og samrýmist viðurkenndri faglegri og vísindalegri þekkingu.

Lagt er til að 1. mgr. verði svohljóðandi:

☐ Hver sá sem heldur dýr ber ábyrgð á að starfsaðferðir, tæki, tól og hvers konar útbúnaður sem notaður er á dýr í umsjá hans séu ekki andstæð velferð dýra og samrýmist viðurkenndri faglegri og vísindalegri þekkingu.

Greinargerð 32. gr

DÍS leggur til að skýrt verði kveðið á um að starfsaðferðir, tæki, tól og útbúnaður sem notaður er við dýrahald skuli vera í samræmi við viðurkennda faglega og vísindalega þekkingu. Mikilvægt er að úreltur eða ófullnægjandi búnaður sem getur haft neikvæð áhrif á heilsu og velferð dýra sé ekki áfram notaður þegar betri kostir eru fyrir hendi.

Sem dæmi má nefna eldri hnakka sem geta valdið hrossum óþægindum, sársauka og óþarfa álagi. Slíkir hnakkar eru enn í notkun, meðal annars hjá hestaleigum og við almenna reiðmennsku, þrátt fyrir að þessi gerð búnaðar sé víða talin úrelt í ljósi núverandi þekkingar á velferð og líffræði hrossa. Búnaður sem hentar ekki hrossi getur haft alvarleg áhrif á bakheilsu þess, hreyfigetu og velferð.

Einnig má nefna sölu og notkun geldingatanga án tilskilinna leyfa eða getu til að vinna með slík tól, almenn sala er andstætt 16. gr. þar sem tekið er fram að dýralæknar eru þeir einu er mega framkvæma sársaukafullar aðgerðir þar sem m.a. líkamspartar eru fjarlægðir.

DÍS telur því mikilvægt að kröfur um búnað taki mið af þróun í faglegri og vísindalegri þekkingu og að ekki sé heimilt að nota búnað sem sýnt hefur verið fram á að geti skaðað heilsu eða velferð dýra.

Gildandi ákvæði

34. gr. *Heimildir Matvælastofnunar og skyldur umráðamanna.*

1. mgr.:

☐ Matvælastofnun er heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á hvern þann stað þar sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra og við beitingu þvingunarúrræða. Í því felst m.a.

heimild til sýna- og myndatöku og skoðunar og ljósritunar gagna. Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráða-

manns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 2. mgr. Fylgja skal ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

Tillaga DÍS
Matvælastofnun hafi óhindraðan aðgang að gripahúsum

Lagt er til að í stað 3. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:

☐ Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 2. mgr. Matvælastofnun skal hafa óhindraðan aðgang að útihúsum, gripahúsum og öðru húsnæði þar sem dýr eru haldin og ekki er nýtt til íbúðar, að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits samkvæmt lögum þessum.

Greinargerð 34. gr.

Samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 34. gr. laganna er Matvælastofnun óheimilt að fara í eftirlitsskyni í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns nema að fengnum dómsúrskurði. Útihús og gripahús njóta þannig sömu verndar og heimili manna þótt þar fari fram atvinnurekstur með dýr.

Þetta getur átt við þrátt fyrir að fyrir liggi alvarlegar ábendingar um vanrækslu. Slíkar tafir geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir dýrin og í versta falli leitt til þess að þau þjáist eða drepist áður en unnt er að grípa til nauðsynlegra aðgerða.

Áskilnaður um dómsúrskurð vegna útihúsa leiðir ekki af 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem heimilar leit í húsakynnum samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild, heldur er hann ákvörðun löggjafans. Til samanburðar er matvælafyrirtækjum, þar á meðal þeim sem stunda frumframleiðslu, skylt skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, að veita opinberum eftirlitsaðilum óhindraðan aðgang að þeim stöðum þar sem framleiðsla fer fram. DÍS leggur til að sama regla gildi um eftirlit með velferð dýra en að áskilnaður um dómsúrskurð haldist að því er íbúðarhús varðar.

Stjórnvöld þurfa að hafa fullnægjandi lagaheimildir til að komast að dýrum og veita þeim nauðsynlega aðstoð án óhóflegra tafa, enda eru dýr skyni gæddar verur sem njóta verndar samkvæmt lögum um velferð dýra, óháð eignarhaldi á þeim.

Tillaga DÍS

Skýrari viðurlög og virkari úrræði vegna brota gegn velferð dýra

42., 43. og 45. gr. *Viðurlög við brotum gegn nýjum ákvæðum.*

Lagt er til að við upptalningu 1. mgr. 42. gr. bætist skylda skv. 12. gr. og bann skv. 12. gr. a og 15. gr. a og að sömu ákvæði bætist við upptalningu h-liðar 1. mgr. 45. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 43. gr. verði svohljóðandi og að við greinina bætist ný málsgrein:

☐ Matvælastofnun er heimilt að svipta leyfishafa leyfi sem gefið er út skv. 12. eða 18. gr. verði hann uppvís að alvarlegu broti eða vanræki hann ítrekað skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum sem um reksturinn eða flutningana gilda eða brjóti hann að öðru leyti ítrekað gegn skilyrðum eða skilmálum leyfisins.

☐ Hafi leyfi skv. 12. gr. verið afturkallað skal ekki gefa út nýtt leyfi vegna sömu starfsstöðvar til aðila sem er nákominn fyrri leyfishafa í skilningi laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nema sýnt sé fram á að fyrri leyfishafi fari hvorki með umráð dýranna né annist þau.

Greinargerð

Ný ákvæði um leyfisskyldu, bann við loðdýrahaldi og bann við myndefni koma að takmörkuðu haldi nema brot gegn þeim varði viðurlögum. Samkvæmt gildandi lögum tekur 42. gr. um stjórnvaldssektir ekki til 12. gr., sú grein er ekki meðal þeirra ákvæða sem talin eru í 1. mgr. 45. gr. og heimild til leyfissviptingar skv. 43. gr. er bundin við leyfi skv. 18. gr. Lagt er til að úr þessu verði bætt.

Þar sem leyfi til atvinnustarfsemi nýtur verndar 75. gr. stjórnarskrárinnar er jafnframt lagt til að skilyrði leyfis og sviptingar komi fram í lögunum sjálfum fremur en í reglugerð.

Málsgreinin sem lagt er til að bætist við 43. gr. svarar til þess vanda sem lýst er í greinargerð við 12. gr., að búfjárhald haldi áfram á sama stað í nafni maka eða annars nákomins eftir að umráðamaður hefur verið sviptur heimild til dýrahalds. Um hugtakið nákomnir vísast til 3. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Gildandi ákvæði
45. gr. *Refsiábyrgð.*

6. mgr.:

☐ Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Matvælastofnunar.

Tillaga DÍS
Almenningi og dýraverndarsamtökum verði heimilt að kæra brot

Greinargerð 45. gr.

DÍS leggur til að 6. mgr. 45. gr., sem kveður á um að brot gegn velferð dýra skuli aðeins sæta rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Matvælastofnunar, verði felld brott. Samhliða þarf að breyta tilvísunum 9. og 10. mgr. til 7. mgr. þar sem málsgreinar færast til við brottfallið.

Með ákvæðinu er Matvælastofnun í reynd einni veitt heimild til að koma máli vegna refsiverðrar háttsemi til lögreglu. DÍS telur það óeðlilegt og að allir sem verða varir við alvarleg brot gegn velferð dýra, þar á meðal dýraverndunarsamtök, eigi að geta leitað beint til lögreglu.

Að mati DÍS ætti það ekki að vera háð mati eftirlitsstofnunar hvort lögregla fái tækifæri til að rannsaka slík mál. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja þetta þegar meint brot kunna að varða störf eða ákvarðanir eftirlitsaðilans sjálfs. Með því að fella ákvæðið brott yrði lögreglu heimilt að taka við kærum vegna meintra brota með sama hætti og á við um önnur refsiverð brot, óháð því hvort MAST hafi áður tekið málið til meðferðar.

Breytingin myndi jafnframt styrkja réttarvernd dýra og tryggja að dýraverndunarsamtök og almenningur geti brugðist við alvarlegu dýraníði þegar ástæða er til.

DÍS telur að ýmis dæmi séu um að núverandi fyrirkomulag hafi komið í veg fyrir skjót viðbrögð við alvarlegum brotum á lögum um dýravelferð. Má þar nefna mál sem DÍS tilkynnti til MAST þar

sem hryssur voru barðar með priki og ítrekað sparkað í þær við blóðtöku haustið 2024. Þetta atvik náðist á upptöku. Málið var ekki kært til lögreglu af hálfu MAST og ekki voru lagðar á hina brotlegu stjórnvaldssektir. Að mati DÍS sýnir þetta mikilvægi þess að aðrir en MAST geti komið alvarlegum málum til lögreglu.